

Föstudaginn 18. maí 1973.

Nr. 81/1972: **Hákon Jóhannsson f. h.**

Verzlunarinnar Sports

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Ingólfi Óskarssyni

(Skúli J. Pálmason hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vörumerki. Óréttmætir verzlunarhættir. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1972. Eru dómkröfur hans þær, að gagnáfrýjanda verði bannað að viðlögðum dagsektum, er renni til aðaláfrýjanda, að nota auglýsingaspjaldið „SPORT-vöruverzlun Ingólfs Óskarssonar“, að gagnáfrýjanda verði dæmd sekt samkvæmt 37. gr. laga nr. 47/1968 og 9. gr. laga nr. 84/1933 fyrir notkun auglýsingaspjaldsins og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Auglýsingaspjaldi gagnáfrýjanda er lýst í héraðsdómi. Svo sem auglýsingaspjald þetta er úr garði gert, verður eigi talið, að það brjóti gegn vörumerkjaheiti aðaláfrýjanda samkvæmt lögum nr. 47/1968. Þá verður eigi heldur talið, að það gangi í berhögg við 9. gr. laga nr. 84/1933. Með þessari athugasemd þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. apríl 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. febrúar s.l., hefur Hákon Jóhannsson kaupmaður, Laugavegi 13, höfðað f. h. Verzlunarinnar Sports hér í borg með stefnu, birtri 8. júní 1971, á hendur Ingólfi Óskarssyni kaupmanni, Klapparstíg 44, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. marz 1958 tilkynnti stefnandi til firmaskrár, að hann ræki verzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Verzlunin Sport“. Tilkynning þessi var skráð 20. s. m., og hinn 26. apríl 1958 var tilkynning þessi birt.

Hinn 15. apríl 1959 tilkynnti stefnandi til vörumerkjaskrár orðið Sport, ritað með sérstökum hætti.

Hinn 9. maí 1959 var vörumerki þetta skráð fyrir hvers konar íþróttavörur og tæki. Enn fremur segir svo í lýsingu á merkinu: „Ber að skoða orðið Sport sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.“

Hinn 15. ágúst 1970 stofnsetti stefndi verzlun að Klapparstíg 44, Reykjavík. Um áramótin næstu á eftir setti hann upp auglýsingaskilti á horn hússins. Skagar skilti þetta út yfir gangstéttina fyrir framan verzlunina, þannig að lesa má á það frá báðum hliðum. Á skilti þetta er skráð eftirfarandi:

Í efstu línu á skiltinu stendur orðið „SPORT“ með mjög stórum rauðum upphafsstöfum. Fyrir aftan það orð er bandstrik. Í næstu línu er orðið „VÖRUVERZLUN“, líka með upphafsstöfum, en miklu smærri. Í þriðju línu eru orðin „Ingólfs Óskarssonar“, rituð með bláum stöfum. Eru þessi nöfn rituð með smáu lettri og ekki upphafsstafir annað en I og Ó. Umhverfis áletrunina á skiltinu, út við jaðra þess, er blá lína, sem endar í tveim örvaroddum, er vísa á nafn stefnda.

Stefndi hefur komið fyrir réttinn og gefið skýrslu. Sagði hann auglýsingaskiltið hafa verið gert hjá fyrirtækinu Geislaplast s/f við Miklartorg. Kvaðst hann sjálfur hafa teiknað upp auglýsingaskiltið og farið með það í framangreint fyrirtæki. Mundi hann ekki betur en að teikning þessi hafi verið í tveim línunum. Í efri línunni hafi staðið „Sportvöruverzlun“, en í neðri línunni „Ingólfs Óskarssonar“.

Síðan hafi stærð skiltisins ráðið því, hvernig orðunum hafi verið raðað á það. Stefndi gat þess, að skiltið hefði orðið svo stórt, að það hefði skagað út á götuna, ef „Sportvöruverzlun“ hefði verið í einu orði.

Stefndi sagði, að sér hefði ekki dottið í hug með gerð skiltisins að blekkja viðskiptamenn til þess að halda, að þeir væru að skipta við verzlun stefnanda, er þeir ættu kaup hjá stefnda. Taldi hann sig ekki þurfa að beita neinu slíku, þar sem hann hefði í mörg ár leikið í íslenzka landsliðinu í handknattleik og verið fyrirliði þess. Kvaðst stefndi af þessum sökum þekkja menn í mörgum íþróttagreinum að meira eða minna leyti.

Vitnið Sigurður Antonsson, einn af eigendum fyrirtækisins Geislaplasts s/f, hefur komið fyrir réttinn og borið m. a., að hann muni ekki glöggð að greina frá því nú, hvort hann eða stefndi hafi ráðið útliti skiltisins, en sagðist halda, „að það muni hafa verið beggja blands.“ Vitnið kvað það geta verið, að stefndi hafi komið með teikningu af skiltinu, er hann hafi óskað eftir, að það yrði gert, en sennilega hafi því eitthvað verið breytt, enda séu ýmis sjónarmið, sem ráði því, hvernig gerð skiltis verði. Vitnið kvað þá hjá Geislaplasti s/f koma fram með hugmyndir um það, hvernig skilti eigi að líta út, og geri frumdrög af þeim. Í því tilviki, sem hér um ræðir, kvaðst vitnið telja, að gerð hafi verið ein frumdrög fyrir stefnanda og hann samþykkt þau. Síðan hafi þeir ráðlagt honum í sambandi við litaval.

Vitnið minnst þess ekki, að það hafi verið rætt milli hans og stefnda, hvers vegna „Sport“ hafi verið sett eitt sér efst á skiltið, öðru vísi en svo, að vitnið telur ástæðuna fyrst og fremst hafa verið þá, að ef orðið „Sportvöruverzlun“ hefði verið haft í einni línu, hefði skiltið skagað of lang út á götuna. Með því móti að hafa það í tveimur línun og öðru vísi stafagerð í „Sport“, heldur en „Vöruverzlun“ hafi fengist meiri „ballans“ í skiltið, þar sem efsta línan hafi þó náð u. þ. b. jafnlangt út og neðri línan. Vitnið var spurt að því, hvort nokkuð hefði veri þvi til fyrirstöðu að hafa orðið Sportvöruverzlun í tveimur línun, þannig að „Sportvöru“ væri í efri línunni, en „verzlun“ í þeirri neðri. Svaraði vitnið þessu þannig, að hér væru um matsatriði að ræða. Treysti það sér ekki til þess, að segja um þetta, þar sem það hefði ekki gert frumdrætti að slíkri gerð skiltisins, en það væri nauðsynlegt til þess að geta myndað sér skoðun um þetta.

Varðandi bláu örvarnar, sem eru utan um sjálfa auglýsingu skiltisins, sagði vitnið, að það hefði verið tillaga stefnda að setja þær á skiltið. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa rætt það við stefnda, af hvaða ástæðu hann hafi viljað þetta, en vitnið taldi, að það hefði verið til þess að auglýsa nafn Ingólfs Óskarssonar,

og enn fremur fannst vitninu, að meiri hreyfing kæmi í auglýsinguna með þessu móti.

Fyrir sjó- og verzlunardóminum gerir stefnandi þær dómkröfur, að Ingólfi Óskarssyni verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda bannað að nota framangreint auglýsingaspjald, að Ingólfi Óskarssyni verði dæmt að sæta sektum (til vara varðhaldi, ef sekt er ekki greidd), sbr. lög nr. 47/1968, 37. gr., og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Til rökstuðnings dómkröfum sínum bendir stefnandi á, að fyrir- tæki stefnda sé óskráð og ekki hafi hann heldur fengið skráð vöru merki í þá átt, er á auglýsingaskiltinu greinir. Notkun stefnda á vörumerki stefnanda sé því brýnt brot gegn lögum nr. 47/1968, 37. gr., svo og gegn lögum nr. 84/1933, 9. gr., og varði viðurlögum sem þar segir. Stefnandi telur, að eins og skilti þetta sé gert, sé blekkingatilgangur af hálfu stefnda fyrir hendi. Í fjarlægð sjáist ekkert nema orðið „Sport“. Í næstu línu á skiltinu standi orðið vöruverzlun. Það orð sé ekki til í íslensku máli. Hins vegar sé til orðið verzlun og sportvörur. Því hefði verið eðlilegra að hafa í efstu línu skiltisins orðið Sportvöru- og í næstu línu verzlun. Þá heldur stefnandi því fram, að orðið sport sé ekki mikið notað orð. Þess í stað sé notað orðið íþróttir. Þegar talað sé um sport, þá viti allir, að átt sé við verzlunir stefnanda. Orðið „Sport“ sé því lagað til þess að njóta lögverndar.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að orðið sport sé erlent að uppruna og tökuorð í íslenzku máli. Stefnandi sé ekki höfundur þessa orðs. Orð þetta sé algent á því sérsviði, sem hér um ræðir, og einnig sé það almennt notað. Sport feli ekki í sér nægileg séreinkenni, heldur sé það samheiti fyrir íþróttir og alls konar íþróttavörutegundir. Megi nánast líkja því við vöruheiti. Þá sé orð þetta mjög algengt í samsetningum, svo sem sportmaður, sportidíót, sportvörur, sportbuxur, sportjakki, að stunda sport og svo framvegis. Af þessum ástæðum telur stefndi útilokað, að stefnandi geti átt einkarétt á notkun þessa orðs. Hann geti því ekki meinað stefnda að nota orðið sport í samsetningu við önnur orð. Þá mótmælir stefndi þeirri staðhæfingu stefnanda, að mönnum detti fyrst í hug verzlunir hans, þegar þeir heyra eða sjá orðið sport. Þvert á móti komi þá hverju mannsbarni fyrst og fremst í huga íþróttir eða íþróttavörur.

Að endingu mótmælir stefndi því, að margnefnt auglýsingaskilti sé sett upp í blekkingaskyni eða til þess að laða viðskiptamenn stefnanda á óheiðarlegan hátt til stefnda. Ekki sé skiltið heldur sett upp til þess að skaða einn eða annan, heldur einungis til þess að vísa fólki rétta leið að „Sportvöruverzlun Ingólfs Óskarssonar.“

Orðið „sport“ er tökuorð í íslenzku máli. Það er notað sem almennt orð í málinu um íþróttir. Auk þess er það almennt orð og algengt sem fyrri hluti samsettra orða yfir íþróttavörur.

Þetta orð hefur því eigi í sér fólgin nægileg sérkenni til þess, að stefnandi geti — einmitt á því viðskiptasviði, sem hér er um að tefla — öðlazzt einkarétt til notkunar þess. Hann getur því ekki meinað stefnda að nota það á þann hátt, sem hann gerir á áðurgreindu auglýsingaskilti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skýrskotun til 178. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallsyni skrifstofustjóra.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögn dóms þessa, stafar af því, að rétt eftir dómtöku málsins þurfti meðdómandinn Jón Arnalds að fara utan í opinberum erindum og kom eigi aftur hingað til lands fyrr en 31. marz 1972.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Óskarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hákonar Jóhannssonar f. h. Verzlunarinnar Sports, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.